

Ársskýrsla

Náttúrustofu Vestfjarða

3. starfsár
1999

Forstöðumaður
Dr. Þorleifur Eiríksson

1999
Náttúrustofa Vestfjarða
Aðalstræti 21, 415 Bolungarvík
Sími: 456 7005, fax 456 7351, netfang: nvsholf.is

INNGANGUR	3
LÖG	3
Reglugerð um Náttúrustofu Vestfjarða	3
STJÓRN	3
STARFSMENN	4
BÓKASAFN	4
ÞJÓNUSTA VIÐ ALMENNING	4
SAMSTARF	4
Ráðstefna norræna atferlisfræðifélagssins	4
Bæklingur um Hornstrandir	5
RANNSÓKNARVERKEFNI	5
Mengun við þéttbýlisstaði	5
Refarannsóknir á Hornströndum	6
Skötuormur	6
SKÝRSLUR	6
NÁTTÚRUGRIPASAFN	7

INNGANGUR

Náttúrustofa Vestfjarða á að safna gögnum og varðveita heimildir jafnframt því að stuðla að náttúrurannsóknnum. Í samræmi við það hefur verið reynt að halda áfram þeim rannsóknarverkefnum sem byrjað var á, en jafnframt að mynda ný tengsl.

LÖG

Heimild fyrir stofnun Náttúrustofa var lögfest í lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur (nr. 60/1992).

Í þeim lögum eru helstu hlutverk náttúrustofa skilgreind í þremur liðum:

- a) Að safna gögnum og varðveita heimildir um náttúrufar og stuðla að almennum náttúrurannsóknum, einkum í viðkomandi landshluta.
- b) Að stuðla að æskilegri landnýtingu, náttúruvernd og fræðslu um umhverfismál
- c) Að veita fræðslu um náttúrufræði og aðstoða við gerð náttúrusýninga.

Náttúrustofum er heimilt að gerast aðili að sýningarsafni, en fjárhagur slíks safns og stofunnar skal vera aðskilinn.

Reglugerð um Náttúrustofu Vestfjarða

Í reglugerðum fyrir hverja náttúrustofu er hlutverk náttúrustofa skýrt nánar og eru þær reglugerðir sem þegar eru komnar mjög líkar.

Umhverfisráðherra setti reglugerð um skipulag og starfsemi Náttúrustofu Vestfjarða í Bolungarvík 29. júlí 1996.

Í reglugerð um Náttúrustofu Vestfjarða (nr. 459/1996) stendur að hlutverk náttúrustofunnar sé:

- a) Að stunda vísindalegar rannsóknir á náttúru Vestfjarða.
- b) Að safna gögnum og varðveita heimildir um náttúrufar og stuðla að almennum náttúrurannsóknum og skal einkum lögð áhersla á Vestfirði og sérstöðu náttúrfars á þeim slóðum.
- c) Að stuðla að æskilegri landnýtingu, náttúruvernd og fræðslu um umhverfismál bæði fyrir almenning og í skólum á Vestfjörðum.
- d) Að veita fræðslu um náttúrufræði og aðstoða við gerð náttúrusýninga á Vestfjörðum.
- e) Að veita sveitarfélögum á Vestfjörðum umbeðna aðstoð og ráðgjöf á verksviði stofunnar m.a. vegna nýtingar auðlinda, skipulagsmála og mats á umhverfisáhrifum framkvæmda, enda komi greiðsla fyrir.

STJÓRN

Umhverfisráðherra skipar stjórn samkvæmt tilnefningum og formann og varaformann án tilnefningar.

Formaður: Sveinn Bernóðusson, járnsmiður, Bolungarvík
Ólafur Kristjánsson, bæjarstjóri, Bolungarvík.
Smári Haraldsson, menntaskólakennari, Ísafirði

Varamenn: Jón Reynir Sigurvinsson, aðstoðarskólameistari, Ísafirði
Björn Hafberg, skólastjóri, Flateyri.
Ágúst K. Björnsson, sveitarstjóri, Súðavík.

STARFSMENN

Dr. Þorleifur Eiríksson, forstöðumaður
Petrína Sigurðardóttir
Arnlín Óladóttir
Eiríkur Gíslason
Ester Rut Unnsteinsdóttir
Heiðveig Pétursdóttir

BÓKASAFN

Bókasafn eða öllu heldur skýrslusafn Náttúrustofunnar vex stöðugt. Áherslan er á að safna skýrslum, sem eru til í fáum eintökum og fáir vita því um, þ.e. svokölluðum “skugga litteratur”. Með því að útvega eintak af þessum skýrslum og skrá þær í bókasafn Náttúrustofu Vestfjarða, eru þær aðgengilegar öllum sem vilja kanna innihald þeirra.

ÞJÓNUSTA VIÐ ALMENNING

Fyrirspurnum frá almenningi um náttúrufræði af öllu tagi fjölgar stöðugt. Það verður einnig algengara að fólk komi með sýni til greiningar, sérstaklega af pöddum.

SAMSTARF

Ráðstefna norræna atferlisfræðifélagssins.

Norræna atferlisfræðifélagið heldur að jafnaði ráðstefnu annað hvert ár. Þessar ráðstefnur eru haldnar til skiptist á Norðurlöndunum, en tekið hefur verið eftir því að ráðstefnan hefur aldrei verið haldin á Íslandi.

Þegar Þorleifur Eiríksson, nú forstöðumaður Náttúrustofu Vestfjarða, var í námi í atferlisfræði í Svíþjóð gerðust þær raddir háværi að halda þyrfti ráðstefnuna á Íslandi.

Nú eru tveir félagar staðstettir á Íslandi, þ.e. Hrefna Sigurjónsdóttir og Þorleifur Eiríksson og því var ekki hægt að skorast undan um að halda ráðstefnu.

Ráðstefnan var haldin á Varmalandi í Borgarfirði. Ráðstefnustjóri var Hrefna Sigurjónsdóttir, en Náttúrustofa Vestfjarða sá um að skipuleggja dagskrá og útbúa ráðstefnuhefti með úrdráttum af erindum.

Hrefna Sigurjónsdóttir¹, Þorleifur Eiríksson² and Sven Jacobsson³. 1999. The Scandinavian Ethological Society. The 1999 Conference in Iceland. Varmaland. Borgarfjörður. April 30th - May 2nd. ¹Iceland University og Education, ²Westfjords Natural History Institute, ³Chairman of The Scandinavian Ethological Society. Stockholm University.

Bæklingur um Hornstrandir.

Náttúruvernd ríkisins bað Náttúrustofu Vestfjarða um aðstoð við að gera bækling um Hornstrandir eins og Náttúruverndin hefur gert um önnur friðlönd.

Niðurstaðan var bæklingur um helstu gönguleiðir í Hornstrandafriðlandi sem gefinn var út bæði á íslensku og ensku.

Þorleifur Eiríksson. 1999. Friðland á Hornströndum. Náttúruvernd Ríkisins.

Þorleifur Eiríksson. 1999. Hornstrandir nature reserve. Nature Conservation Agency.

RANNSÓKNARVERKEFNI

Snjóflóðavarnir á Ísafirði

Vegna mats á Umhverfisáhrifum snjóflóðavarna á Ísafirði bað Tækniþjónusta Vestfjarða, sem sá um matið, Náttúrustofu Vestfjarða að gera athuganir á fuglum og gróðri á framkvæmdasvæðinu.

Niðurstöðurnar voru birtar í skýrslu:

Þorleifur Eiríksson og Arnlín Óladóttir. 1999. Fuglalíf og gróðurfar í Tungudal í Skutulsfirði. Náttúrustofa Vestfjarða.

Mengun við þéttbýlisstaði

Undanfarin tvö ár hefur verið í gangi rannsókn á skolpmengun og áhrifum mengunar á botndýralíf við þéttbýlisstaði á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra. Fyrstu niðurstöður voru birtar á veggspjaldi á Afmælisráðstefnu Líffræðifélagsins.

Anton Helgason¹, Sigurjón Þórðarson² og Þorleifur Eiríksson³. 1999, Umhverfisáhrif skólps frá litlum sveitarfélögum á síður viðkvæmum svæðum. Veggspjald á Afmælisráðstefnu Líffræðifélagssins 1999. ¹Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða, ²Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra, ³Náttúrustofu Vestfjarða.

Refarannsóknir á Hornströndum.

Rannsóknir á refum í friðlandinu á Hornströndum héldu áfram og var verkefni sumarsins að kanna greni í friðlandinu. Verkefnið var unnið í samvinnu við Líffræðistofnun Háskólan Íslands og Náttúrufræðistofnun Íslands.

Farinn var einn aðalleiðangur yfir meginsvæði friðlandsins. Þátttakendur í leiðangrinum voru: Páll Hersteinnson, Líffræðistofnun Háskólan Íslands, leiðangursstjóri. Ester Rut Unnsteinsdóttir og Eiríkur Gíslason, Náttúrustofu Vestfjarða. Til leiðangursins var leigður báturinn Neisti frá Bloungarvík. Skipstjóri var Guðmundur Jaobsson, sem jafnframt var ráðgjafi og aðstoðarmaður í leiðangrinu. Á svipuðum tíma fór Þorvaldur Björsson frá Náttúrufræðistofnun Íslands um Jökulfirði.

Farið var á öll þekkt greni og kannað hvort þau voru í ábúð og jafnframt leitað að öðrum.

Skötuormur

Rannsóknir á skötuorminum lágu að mestu niðri en birt voru tvö veggspjöld á ráðstefnum. Annars vegar á ráðstefnu Líffræðifélagsins og hins vegar á ráðstefnu Norræna atferlisfræðifélagssins á Varmalandi.

*Þorleifur Eiríksson², Hrefna Sigurjónsdóttir¹ og Hilmar J. Malmquist³. 1999. Útbreiðsla, stofnstærðarbreytingar, eggjaframleiðsla og atferli skötuormsins (*Lepidurus arcticus*). Veggspjald á Afmælisráðstefnu Líffræðifélagsins. ¹Náttúrustofa Vestfjarða, ²Kennaraháskóli Íslands, ³Náttúrufræðistofa Kópavogs.*

*Thorleifur Eiríksson², Hrefna Sigurjónsdóttir¹ and Hilmar J. Malmquist³. 1999. Behaviour of the Artic Tadpole Shrimp (*Lepidurus arcticus*). Poster. The Scandinavian Ethological Society. The 1999 Conference in Iceland. Varmaland. Borgarfjörður. April 30th - May 2nd. ¹Westfjords Natural History Institute, ²Iceland University og Education, ³Natural History Museum of Kópavogur.*

SKÝRSLUR

Anton Helgason¹, Sigurjón Þórðarson² og Þorleifur Eiríksson³. 1999, Umhverfisáhrif skólps frá litlum sveitarfélögum á síður viðkvæmum svæðum. Veggspjald á Afmælisráðstefnu Líffræðifélagssins 1999. ¹Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða, ²Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra, ³Náttúrustofu Vestfjarða.

Þorleifur Eiríksson. 1999. Friðland á Hornströndum. Náttúruvernd Ríkisins.

Þorleifur Eiríksson. 1999. Hornstrandir nature reserve. Nature Conservation Agency.

Þorleifur Eiríksson og Arnlín Óladóttir. 1999. Fuglalíf og gróðurfar í Tungudal í Skutulsfirði. Náttúrustofa Vestfjarða.

*Þorleifur Eiríksson², Hrefna Sigurjónsdóttir¹ og Hilmar J. Malmquist³. 1999. Útbreiðsla, stofnstærðarbreytingar, eggjaframleiðsla og atferli skötuormsins (*Lepidurus arcticus*). Veggspjald á Afmælisráðstefnu Líffræðifélagsins. ¹Náttúrustofa Vestfjarða, ²Kennaraháskóli Íslands, ³Náttúrufræðistofa Kópavogs.*

*Thorleifur Eiríksson², Hrefna Sigurjónsdóttir¹ and Hilmar J. Malmquist³. 1999. Behaviour of the Artic Tadpole Shrimp (*Lepidurus arcticus*). Poster. The Scandinavian Ethological Society. The 1999 Conference in Iceland. Varmaland. Borgarfjörður. April 30th - May 2nd. ¹Westfjords Natural History Institute, ²Iceland University og Education, ³Natural History Museum of Kópavogur.*

Hrefna Sigurjónsdóttir¹, Þorleifur Eiríksson² and Sven Jacobsson³. 1999. The Scandinavian Ethological Society. The 1999 Conference in Iceland. Varmaland. Borgarfjörður. April 30th - May 2nd. ¹Iceland University og Education, ²Westfjords Natural History Institute, ³Chairman of The Scandinavian Ethological Society. Stockholm University.

NÁTTÚRUGRIPASAFN

Stöðugt er unnið að því að bæta fuglasýningu safnsins og er hún að verða ein sú fjölbreyttasta á Íslandi.

Þorleifur Eiríksson
forstöðumaður